

litsmanns og skýrslu fyrir sakadómi, ef fyrir hendi eru, ákveða, hvort mönnum þeim, er löggæzlumaður telur að hafi hegðað sé ósæmilega á skemmtun, skuli bannaður aðgangur að skemmtunum innan héraðsins og um hve langan tíma bannið skuli gilda. Bann nefndarinnar skal tilkynnt skriflega öllum forstöðumönnum í héraðinu, löggæzlumönnum öllum, svo og manni þeim, er banninu er beint gegn. Á meðan bannið gildir, ber forstöðumönnum samkomustaða og þjónustuliði þeirra, að vera samhent löggæzlumönnum um það, að synja þeim mönnum, sem banni er beint gegn, um aðgang að skemmtunum þeim, sem haldnar eru, og það jafnt þótt þeir séu eigi undir áhrifum áfengis, er þeir æskja aðgangs.

9. gr.

Kostnaður sá, er leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, greiðist að $\frac{3}{4}$ úr rikissjóði en að $\frac{1}{4}$ úr viðkomandi sveitarsjóði, að því er laun aðallöggæzlumanns snertir. En laun aðstoðarmanna greiði aðili sá, er skemmtun heldur, að hálfu, en rikissjóður að hálfu. Ríkissjóður kostar að öllu leyti einkennisbúninga löggæzlumanna, einkennishúfur og merki, svo og fræðslu löggæzlumanna og aðstoðarmanna þeirra. Þá einnig ferðakostnað allan samkv. 5. grein.

Haldi utanhéraðsmaður eða félag skemmtun á samkomustað innan héraðs, getur sýslumaður krafist þess, að sá aðili greiði hluta sveitarsjóðs af kostnaði við eftirlit með skemmtuninni, og getur sýslumaður sett það sem skilyrði fyrir skemmtanaleyfi.

Reglugrð þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 56/1963, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 101 13. júní 1960, um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. apríl 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á viðaukaskipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 21. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

fyrir Landgræðslusjóð.

1. gr.

Viðauki þessi er gerður á aðalfundi Skógræktarfélagss Íslands 25. júní 1955 og aðalfundi 1963, samkvæmt tillögu stjórnar félagsins.

2. gr.

7. gr. skipulagsskrár Landgræðslusjóðs, nr. 94 18. júní 1946, hljóði þannig:

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. grein, gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna, er stjórn hans heimilt að verja allt að $\frac{3}{4}$ vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé það, sem rennur í sjóðinn, vegna ákvæða í lögum um álag á vindlinga, má nota á eftirfarandi hátt:

1. Allt að 15% til útvegunar fræs og frækaupa.
2. Allt að 60% sem styrk til gróðrarstöðva í hlutfalli við framleiðslu þeirra, svo og til gróðursetningar, samkvæmt reglum, er stjórn sjóðsins setur.
3. Allt að 10% í tilraunaskyni vegna gróðursetningar ýmissa trjátegunda.
4. Leggja má allt að 15% við höfuðstól sjóðsins eða geyma til næsta árs, eftir því sem stjórn sjóðsins ákveður.
5. Verja má þeim hluta, er getur í 3. og 4. lið á sama hátt og í 2. lið greinir, ef sjóðstjórnin telur mikla nauðsyn á.

3. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á viðaukaskipulagsskrá þessari.

Nr. 65.

SNORRASJÓÐUR 1930**Ársreikningur 1963.****Eignir:**

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári	kr. 199747.72
Aukning á árinu	— 4103.54
	<hr/>
	Kr. 203851.26

Skuldir:

Eignum sjóðsins er varið þannig:

Skuldabréf Siglufjarðarkaupstaðar	kr. 53500.00
Innstæða í sparissjóðsbók, Búnaðarbanka	— 150351.26
	<hr/>
	Kr. 203851.26

Tekjur:

Vextir af skuldabréfi	kr. 2440.00
— — sparissjóðsbók	— 9463.54
	<hr/>
	Kr. 11903.54

Gjöld:

Styrkir til náms í Noregi:

Þór Edv. Jakobsson	kr. 3900.00
Þorst. Guðjónsson	— 3900.00
	<hr/>
	kr. 7800.00
Til höfuðstóls	— 4103.54
	<hr/>
	Kr. 11903.54

Reykjavík, 17. marz 1964.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Haukur Þorleifsson.

G. Thordarson.